

af eignarnámsfénu samkvæmt ákvæðum yfirmatsgerðarinnar, þótt hún vitjaði ekki fjárins eða undirritaði afsalið.

Menn þeir, sem málsaðiljar tilnefndu sumarið 1950, áttu aðeins að kveða á um, hvernig matsupphæðin samkvæmt yfirvirðingunni ætti réttilega að skiptast á landsvæði þau, sem eignarnámið náði að lokum til, og hinna, sem undan því voru felld, og voru þeir því algerlega bundnir af yfirmatinu. Skiptingin hafði þá þýðingu eina, að fjárhæð eignarnámsbóta stefnanda lækkaði sem svaraði til verðmætis þess lands, sem undan eignarnáminu var fellt, en skylda eignarnema til greiðslu vaxta af lögnaðsfénu hélzt óbreytt. Getur stefnandi því ekki reist synjun sína um vaxtagreiðslu til stefnanda á því, að fram hafi farið ný virðing, sem fellt hafi yfirvirðinguna frá 12. janúar 1948 úr gildi.

Þegar framanritað er virt og þess jafnframt gætt, að stefnandi átti ekki rétt á að hagnýta land það, sem eignarnámið náði ekki til, þykir sýknu-krafa stefnda ekki hafa við rök að styðjast.

Verða úrslit málsins því þau, að kröfur stefnanda verða teknar að öllu leyti til greina og þykir málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Keflavík h.f., kr. 15.675.00 með 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 54/1953. **Olíuverzlun Íslands h/f**
 gegn
Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps
f. h. hreppsins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar **Hæstaréttar.**

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm hinn 18. þ. m., var þess af hálfu áfrýjanda krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var krafizt ómaksbóta.

Stefndi hefur tvisvar sinnum látið sækja dómþing í máli þessu, og þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 200.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins, ómaksbætur, kr. 200.00, að viðlagðri aðför að lögum.
